

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnntollur kr./kg
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbitur	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	17.03.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, græn	17.03.-30.03.	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, græn	31.03.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	14.04.-30.06.	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika, önnur	17.03.-30.03.	ótilgr.	30	0
0709.6003	Paprika, önnur	31.03.-06.04.	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur	07.04.-13.04.	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur	14.04.-30.06.	ótilgr.	22,5	298

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magnntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. mars 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 181

10. mars 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Umferðarráð, nr. 86 30. janúar 1997.

### 1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist í stafrófsröð: Landssamtök hjólreiðamanna.

### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. mars 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*